

**BÓKUN 22****UM SKILGREININGU Á „FYRIRTÆKI“ OG „VELTU“ (56. GR.)***1. gr.*

Að því er varðar útteilingu mála samkvæmt 56. gr. samningsins er „fyrirtæki“ stofnun þar sem lögð er stund á viðskipta- eða efnahagsstarfsemi.

*2. gr.*

Í skilningi 56. gr. samningsins er „velta“ þær fjárhæðir sem viðkomandi fyrirtæki hefur fengið á undangengnu fjárhagsári, á svæðinu sem samningurinn tekur til, fyrir selda vöru eða veitta þjónustu sem telst til eðlilegrar starfsemi fyrirtækisins, að frádregnum söluafslætti og virðisaukaskatti og öðrum skatti sem tengist veltunni með beinum hætti.

*3. gr. <sup>(1)</sup>*

Eftirfarandi skal nota í stað veltu:

- a) að því er varðar lánastofnanir og aðrar fjármálastofnanir: summu eftirtalinna tekjuliða, eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun ráðsins 86/635/EBE, að frádregnum virðisaukaskatti og öðrum sköttum sem tengjast þessum tekjuliðum beint, eftir því sem við á:
- i) vaxtatekjur og áþekkar tekjur,
  - ii) tekjur af verðbréfum:
    - tekjur af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegri ávöxtun,
    - tekjur af hlutdeild í öðrum fyrirtækjum,
    - tekjur af hlutum í tengdum fyrirtækjum,
  - iii) þóknunartekjur,
  - iv) hreinar tekjur af fjármálastarfsemi,
  - v) aðrar rekstrartekjur.

Til veltu lánastofnunar eða fjármálastofnunar á því svæði sem samningurinn tekur til skal telja, eins og skilgreint er hér að framan, tekjuliði útibús eða deildar þeirrar stofnunar sem er með staðfestu á því svæði sem samningurinn tekur til,

- b) að því er varðar váttryggingafélög: verðmæti bókfærðra iðgjalda, þ.e. allar fjárhæðir sem fengist hafa eða munu fást vegna tryggingasamninga sem váttryggingafélögin eða aðrir fyrir þeirra hönd hafa gert, auk endurtryggingaiðgjalda, að frádregnum sköttum og skattatengdum framlögum eða gjöldum sem eru innheimt vegna einstakra iðgjalda eða heildariðgjalda; að því er varðar b-lið 2. mgr., b-, c- og d-lið 3. mgr. og lokahluta 2. og 3. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 skal taka tillit til iðgjalda frá íbúum á svæðinu sem samningurinn tekur til.

<sup>{1}</sup> Texta 3. gr. var skipt út með ákvörðun nr. 78/2004 (Stjtið. ESB L 219, 16.6.2004, bls. 13 og EES-viðbætur nr. 32, 19.6.2004, bls. 1), gildistaka 9.6.2004.

## 4. gr.

1. Þrátt fyrir þá skilgreiningu um veltu sem á við vegna beitingar 56. gr. sammingsins, eins og fram kemur í 2. gr. þessarar bókunar, skal viðkomandi velta samanstanda:
  - a) að því er varðar samninga, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir er lúta að dreifingu og birgðatilhögun milli fyrirtækja sem ekki eiga í samkeppni: af fjárhæðum sem fást fyrir selda vöru og veitta þjónustu sem fjallað er um í þessum samningum, ákvörðunum eða samstilltu aðgerðum, og fyrir aðra vöru og þjónustu sem notendur álíta að sé eins vegna eiginleika hennar, verðs og áætlaðrar notkunar;
  - b) að því er varðar samninga, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir er lúta að tilhögun við miðlun tækni-þekkingar milli fyrirtækja sem ekki eiga í samkeppni: af fjárhæðum sem fást fyrir selda vöru og veitta þjónustu er tengist tækniþekkingu sem fjallað er um í þessum samningum, ákvörðunum eða samstilltu aðgerðum og fjárhæðum fyrir aðra vöru og þjónustu sem þessari tækni er ætlað að bæta eða koma í staðinn fyrir.
2. Ef hins vegar er ekki vitað hver velta vegna seldrar vöru eða þjónustu er, þegar ráðstafanir þær sem lýst er í a- og b-lið 1. mgr. koma til framkvæmda, skal almennt ákvæði 2. gr. gilda.

## 5. gr.

1. Þegar úrskurða þarf í málum þar sem fjallað er um vörur sem falla undir gildissvið bókunar 25 skal viðkomandi velta vera sú sem er tilkomin vegna þessara vara.
2. Þegar mál snerta vörur sem falla undir gildissvið bókunar 25, og vöru og þjónustu sem fellur undir gildissvið 53. og 54. gr. sammingsins, skal viðkomandi velta ákvæðin með því að taka til greina allar vörur og þjónustu eins og kveðið er á um í 2. gr.